



Rafrænn hluthafafundur Origo hf.

verður haldinn fimmtudaginn 1. desember 2022 kl. 14:00

Dagskrá fundarins:

- Tillaga um lækkun hlutafjár með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins.

Á fundinum verður lögð fram tillaga stjórnar um að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 295.000.000 að nafnverði með greiðslu að fjárhæð kr. 24.000.000.000 til hluthafa. Felur tillagan jafnframt í sér breytingartillögu á grein 2.1. í samþykktum félagsins, þannig að hlutafé félagsins lækki úr kr. 435.000.000 í kr. 140.000.000, til samræmis við hlutafjárlækkunina.

- Önnur mál.

Stjórn félagsins hefur ákveðið í samræmi við grein 4.4. í samþykktum félagsins að hluthafafundurinn verði eingöngu haldinn rafrænn. Skráning hluthafa á fundinn fer fram á heimasiðu félagsins www.origo.is. Fundurinn fer fram í gegnum tæknibúnaðinn Lumi þar sem hluthafar geta fylgst með fundarstörfum og tekið þátt í atkvæðagreiðslum. Nánari leiðbeiningar og upplýsingar um rafræna þátttöku, aðgangsorð og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasiðu félagsins. Sérstök athygli er vakin á því að u.b.b. fimm virka daga getur tekið að fá sent aðgangsorð og hluthöfum því bent að sækja um aðgangsorð tímanlega.

Hluthöfum sem þess óska er velkomið að vera viðstaddir hluthafafund félagsins í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37. Atkvæðagreiðslur og umræður verða einungis rafrænar á fundinum.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 14:00 mánudaginn 21. nóvember 2022. Tillögur skulu berast á netfangið stjorn@origo.is.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasiðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafundinn, þ.m.t. endanlegar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasiðu félagsins og munu jafnframt liggja frammí á skrifstofu félagsins, eigi síðar en sjö sólarhringum fyrir hluthafafundinn, í samræmi við samþykktir félagsins.

Fundurinn fer fram á íslensku.

Reykjavík, 8. nóvember 2022
stjórni Origo hf.

Allar nánari upplýsingar um hluthafafundinn er að finna á heimasiðu félagsins, www.origo.is.